

Ofbeldisvarnarnefnd

Ár 2019, mánudaginn 2. september, var haldinn 30. fundur ofbeldisvarnarnefndar. Fundurinn var haldinn í Tjarnarbúð í ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 14:04. Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Sigríður Björk Guðjónsdóttir, Guðrún Jónsdóttir, Diljá Ámundadóttir, Sigprúður Guðmundsdóttir, Jenný Ingadóttir, Bergsteinn Jónsson, Hulda Björk Finnsdóttir og Örn Þórðarson. Fundinn sátu einnig Anna Kristinsdóttir og Valgerður Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Fram fer kynning á nefndarfólki og starfi nefndarinnar fyrir fundargestum.
 - Kl. 14:08 tekur Hulda Björk Finnsdóttir sæti á fundinum.
 - Kl. 14:10 tekur Hákon Sigursteinsson sæti á fundinum.
2. Fram fer kynning frá UNICEF á verklagi sem Garðabær hefur innleitt í tengslum við velferð barna. Bergsteinn Jónsson kynnir.

Lögð fram svohljóðandi bókun ofbeldisvarnarnefndar:

Í gögnum Unicef kemur fram að yfir 16% barna fyrir verða fyrir ofbeldi og því áriðandi að Reykjavíkurborg geri ávallt allt til að koma í veg fyrir ofbeldi og bregðist við með ábyrgum og traustum hætti þegar ofbeldi kemur upp. Ofbeldisvarnanefnd þakkar góðar kynningar og umræður um forvarnir sem snerta börn og ungmenni, og úrræði sem stofnanirnar geta beitt í þeim málum. Barnavernd Reykjavíkur er að breyta verklagi um þessar mundir og Ofbeldisvarnarnefnd mun fylgja því eftir. Verið er að innleiða verklagið „Opinskátt um ofbeldi“ um alla borg og tilefni er til að taka málið enn fastari tökum en hingað til. Gefa út það verklag sem fer í gang þegar tilkynning best og skoða ásamt RG hvort greina megi þá verndandi og áhættuþætti sem Reykjavíkurborg sem samfélag og stjórnvald getur unnið með.

3. Fram fer kynning frá Barnavernd Reykjavíkur á Aðgerðaáætlun, barnaverndarúrræði og önnur þjónusta sem snýr að starfsemi fyrir börn frá Barnavernd Reykjavíkur. Hákon Sigursteinsson kynnir
4. Fram fer kynning frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu um aðkomu Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu afbrotavörnum tengdum börnum og ungmennum. Sigríður Björk Guðjónsdóttir kynnir.
5. Fram fer kynning á samstarfsverkefni milli Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og Hafnarfjarðarbæjar. Hulda Björk Finnsdóttir kynnir.
6. Lagt fram til kynningar bréf dags. 19. júlí og 22. ágúst 2019 um kosningu í ofbeldisvarnarnefnd.
7. Lagt fram uppfært fundarplan ofbeldisvarnarnefndar 2019/2020.
8. Lögð fram drög að dagskrá sameiginlegs fundar borgarstjórnar og ofbeldisvarnarnefndar dags. 10. september 2019.
 - Kl. 16:09 víkur Sigríður Björk Guðjónsdóttir af fundi.

Fundi slitið kl. 16:20

Heiða Björg Hilmisdóttir

Jenný Ingadóttir
Örn Þórðarson
Diljá Ámundadóttir

Guðrún Jónsdóttir
Sigprúður Guðmundsdóttir